



Viðtakandi	Allsherjar- og menntamálanefnd	Dagsetning	29. febrúar 2024
Sendandi	HVIN	Málsnúmer	HVIN23100102
		Tilgangur	Til upplýsingar

## Viðbrögð háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis við umsögnum um þingmál nr. 24 -háskólar (örnám og prófgráður).

Allsherjar- og menntanefnd bærust 5 umsagnir við frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006. Í umsögnunum var örnámi almennt fagnað og þeirri viðleitni stjórnvalda að tryggja að umgjörð háskólanáms sem stundað er hér á landi sé alþjóðlega viðurkennt. Í einstaka umsögnum var óskað eftir skýrari ramma fyrir örnám og hvatt til þess að ráðuneytið kynni vel aðilum vinnumarkaðsins hvað felst í örnámi til að stuðla að því að það verði viðurkennt í kjara- og stofnanasamningum. Bent var á að lögin séu óskýr hvað varðar gjaldtökuheimildir opinberra háskóla.

Hér eftir verður brugðist stuttlega við athugasemdum í umsögnum eftir stofnunum og félagasamtökum sem sendu þær.

**Háskóli Íslands** fagnar viðleitni stjórnvalda til að tryggja að háskólanám sem stundað er hér á landi sé alþjóðlega viðurkennt. Jafnframt áréttar skólinn að 30 ECTS eininga námsframboð hafi gegnt mikilvægu hlutverki í námsframboði skólans. Leggja þarf þessar námsleiðir niður eða breyta þeim í a.m.k. 60 ECTS einingar. Þriðji kosturinn er að umbreyta þeim í örnám.

**Það er rétt skilið að HÍ hefur þessa þjá kosti varðandi námsframboð á þeirra vegum sem er til 30 ECTS eininga.**

HÍ bendir á að ekki sé fyllilega ljóst hvaða viðmið og kröfur örnám á háskólastigi þarf að uppfylla. Mikilvægt er að mótuð verði formlega umgjörð um þessa tegund náms með skýrum kröfum og viðmiðum.

**Örnám fellur undir allt hefðbundið gæðamat sem háskólunum ber að fara eftir nú þegar.**

Að lokum er ítrekuð hvatning til stjórnvalda að efnt verði til átaks til að kynna örnám á háskólastigi fyrir haghöfum, þ.m.t. núverandi og verðandi háskólanemum, atvinnurekendum og stéttarfélögum háskólamenntaðs fólks. Mikilvægt sé að upplýsa heildarsamtök á vinnumarkaði um hvað felst í örnámi til að það verði viðurkennt í kjara- og stofnanasamningum.

**Þökkum fyrir þessa hvatningu. Ráðuneytið mun standa fyrir fræðslu og kynningarátaki með haustinu 2024, ætlað háskólunum annars vegar og haghöfum hins vegar, svo sem væntanlegum nemendum, atvinnurekendum og stéttarfélögum.**

**Háskólinn á Bifröst** fagnar breytingum á háskólalögum sem lögfesta heimild háskóla til að bjóða upp á örnám (micro-credentials) þar sem það mun auka sveigjanleika til náms á háskólastigi. Benda á að æskilegt væri að í framtíðinni verði unnt að raða saman örnámseiningum sem leiða til prófgráðu.

Háskólunum verður heimilt að raða saman örnámseiningum sem leiða til prófgráðu kjósi þeir að gera slíkt.

Benda á að í frumvarpinu er á einum stað talað um örnámskeið en ekki örnám

Þökkum fyrir þetta, það verður lagað.

Háskólinn á Bifröst telur einnig æskilegt að í reiknilíkani háskólanna verði gert ráð fyrir fjárhagslegum hvötum til að þróa örnám og útskrifa nemendur úr örnámi.

Hið nýja reiknilíkan gerir ráð fyrir því að greitt verði fyrir loknar einingar og á það við um örnámseiningar sem og aðrar einingar. Hins vegar mun háskólinn ekki fá greitt fyrir úrskrift úr örnámi þar sem þar sem ekki verður um formleg námslok að ræða. Þá er til skoðunar hjá ráðuneytinu hvort að gera eigi ráð fyrir sérstökum hvötum til þróunar á örnámi.

**Háskólinn á Hólum** líta jákvætt á þessar breytingar en telja frumvarpið óskýrt hvað varðar það nýja nám, hvað slíkar gráður eiga að kallast og hvernig þær skulu skilgreinast innan viðmiðana og hvernig slíkt nám geti safnast upp inn í viðurkennt nám sem skilgreint er af viðmiðunum. Örnám hefur þannig ekki skilgreind opinber lærdómsviðmið, en æskilegt væri að slíkt nám hefði slíkt. Spurt er um skilgreiningu örnámskeiða og óskað eftir nánari skýringum á því.

Örnám, eitt og sér, getur ekki flokkast sem gráður af nokkru tagi og er tekið fyrir það í viðmiðum um æðri menntun og prófgráður. Ráðuneytið mun standa fyrir fræðslu til háskólanna og leiðbeininga haustið 2024 til að styðja við innleiðingu örnáms og við þróun örnámsframboðs.

Örnám má þó meta til styttingar náms eins og annað nám þegar það á við.

Örnám getur verið frá 1 ECTS – 59 ECTS eins og koma mun fram í uppfærðum Viðmiðum um æðri menntun og prófgráður sem stendur til að birta síðar á árinu.

Að lokum er talið óskýrt hvað er átt við með M. Phil gráðu og hvers vegna þörf er á því að þróa slíka gráðu. Bent er á að slík gráða sé óalgeng og hefur verið aflögð í sumum löndum og spurt hvort þörf sé fyrir slíka gráðu hér á landi.

Rík þörf hefur reynst fyrir slíka M. Phil gráðu á doktorsstigi og meðal annars valdið vanda innan Háskóla Íslands að slík gráða hafi ekki verið tilgreind í Viðmiðum um æðri menntun og prófgráður. Með þessu er ætlað að koma til móts við hóp sem hefur sannarlega þreytt a.m.k. helming doktorsnáms síns en getur einhverra hluta vegna ekki lokið því. Það veldur nemendum vanda að ekki sé hægt að veita viðurkenningu og námslok fyrir þann hluta náms sem sannarlega hefur verið lokið við. Ekki verður þó heimilt að innrita nemendur á þessa námleið.

**Símenntun HA** fagna stefnubreytingu hvað varðar örnám en vilja leggja það til að það sé skýrt í lögum að sjálfstæðar sértekjueiningar innan háskólanna hafi leyfi til að selja „örgráður“.

Hvað varðar fjármögnun örnáms þá þurfa opinberu háskólarnir almennt að taka afstöðu til þess hvort örnámsnemar greiði fullt skrásetningargjald ársnema skv. a-lið 2. mgr. 24. gr. laga nr. 85/2008. Ákvörðun þess efnis er tekin í gjaldskrá sem skólarnir setja sér skv. 2. mgr. 24. gr. laganna.

Þá væri opinberu háskólunum mögulegt að bjóða upp á örnám gegnum endurmenntunar- eða símenntunareiningar sem eru sjálfstæðar tekjueiningar. Endurmenntunarnámskeið eru alla jafna ekki einingabær þar sem sjálfstæðar endurmenntunarstofnanir opinberra háskóla hafa ekki viðurkenningu ráðherra skv. 3. gr. laga um háskóla til að veita slíkar einingar eða háskólagráður. Viðurkenning er

bundin við tiltekin fræðasvið samkvæmt Frascati staðli OECD. Sjálfstæðar sértekjueiningar opinberra háskóla eins og t.d. Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands, hafa ekki sjálfstæða viðurkenningu ráðherra skv. 3. gr. laga um háskóla og getur því hvorki veitt ECTS háskólaeiningar eða háskólagráður. Fræðasvið og deildir opinbers háskóla eins og HÍ geta hins vegar metið námskeið hjá Endurmenntun til eininga og námsgráða skv. heimild í 10. gr. laga um háskóla. Á grundvelli sömu lagaheimildar hafa endurmenntunarstofnanir jafnframt heimild til að bjóða upp á þverfaglegt nám sem er metið til gráðu í samstarfi við fræðasvið, til að mynda MPM og MBA nám við Háskóla Íslands.

Ef örnám er felld undir símenntun eða endurmenntunarframboð skólanna ætti það ekki að vera í nokkru frábrugðið öðru slíku námsframboði nema að því leyti að um vottaðar ECTS einingar er að ræða á viðurkenndum fræðasviðum skólanna. Aldrei er um gráður að ræða en heimilt er að setja saman „pakka“ af örnámskeiðum.

**Samtök atvinnulífsins** styðja frumvarpið og mæla með að það verði samþykkt sem lög frá Alþingi. SA benda á að nauðsynlegt sé fyrir samkeppnishæfni Íslands að hér sé öflugt menntakerfi sem mæti þörfum atvinnulífsins og almennings. Mikilvægt sé að menntakerfið eigi í góðu samstarfi við atvinnulífið um þarfir og áherslur svo einstaklingum á vinnumarkaði gefist færi á að auka hæfni sína og að unnt sé að bregðast hratt við samfélagslegum breytingum.

Ráðuneytið mun vera í frekara samtali og samráði við aðila atvinnulífs og vinnumarkaðs við innleiðingu á örnámi.

**Landssamtökin Þroskahjálp** Samtökin fagna því að gert skuli ráð fyrir auknum styttri námsleiðum sem vonandi muni bæta aðgengi fatlaðs fólks að háskólanámi og vera hvetjandi fyrir háskólana til að tryggja námstækifæri án aðgreiningar og fjölbreytt námsframboð. Benda samtökin á skuldbindingar íslenska ríkisins til að framfylgja öllum ákvæðum samnings SP um réttindi fatlaðs fólks og benda á landsáætlun ríkisins um innleiðingu samningsins en í honum felst meðal annars viðurkenning á réttindum fatlaðs fólks til menntunar, sérstaklega 24. grein samningsins sem hefur yfirskriftina Menntun. Landssamtökin Þroskahjálp lýsa yfir miklum vilja til virks og náins samstarfs og samráðs við hlutaðeigandi stjórnvöld um þau mikilvægu mál sem hér eru til umfjöllunar.

Ráðuneytið þakkar fyrir þessar ábendingar og samstarfsvilja. Tekið er undir mikilvægi þess að námsframboð og umgjörð háskólanáms hafi þann sveigjanleika sem þarf til að geta uppfyllt þær skuldbindingar sem koma fram í umsögn samtakanna.

### **Spurningar frá allsherjar- og menntamálanefnd;**

Er gert ráð fyrir að skólar innriti með hefðbundnum leiðum vegna örnáms og innheimti sömu gjöld og fyrir hefðbundið nám, líkt og skrásetningargjöld?

Það er á valdi opinberra háskóla hvort innheimt er fullt gjald ársnema við skráningu í örnám, sbr. a-lið 2. mgr. 24. gr. laga um opinbera háskóla. Ákvæðið mælir aðeins fyrir um lögbundið hámark skrásetningargjalds. Hver og einn opinber háskóli þarf að ákveða eigin verðskrá í samræmi við 24. gr. laganna. Í gjaldskrá settri skv. 2. mgr. 24. gr. laganna má ákveða lægra skrásetningargjald fyrir örnámsnema en ársnema.

Hvernig fellur fjármögnun örnáms inn í fjármögnunarlíkan háskólanna?

Hið nýja reiknilíkan gerir ráð fyrir því að greitt verði fyrir loknar einingar og á það við um örnámseiningar sem og aðrar einingar. Hins vegar munu háskólar ekki fá greitt fyrir úrskrift úr örnámi þar sem þar sem ekki verður um formleg námslok að ræða. Hver og einn háskóli þarf svo að taka

afstöðu til skiptingar framlags úr ríkissjóði til kennslu og rannsókna í eigin deililíkani, þ.m.t. framlag til örnáms.

Þá er til skoðunar hjá ráðuneytinu hvort að gera eigi ráð fyrir sérstökum hvötum í nýju reiknilíkani til þróunar á örnámi.